

Sunddeild Ungmennafélas Selfoss

Stjórnarfundur í Tíbrá á Selfossi þann 2. október 2007.

Mættir voru:

Sigrún Sunna Skúladóttir
Árni Laugdal

Sigurbjörg Björnsdóttir
Björgvin Bjarnason

Fundur settur klukkan 21:10

Rætt við Bryndísi þjálfara um æfingabúðir að Borg. Ákveðið að þáttökugjald verð 3.000,- krónur á barn. Þáttökugjald innifelur 1.800,- króna gisti og laugargjald. Fullorðnir greiði ekki neitt. Ákveðið að greiða landsliðsgestum mótsins 5.000,- krónur hvorum. Bryndís fer af fundi.

Sigrún segir frá því helsta sem var tekið fyrir á formannafundi UMFS fyrr í kvöld.

Aflsláttarmál teknir upp þar sem undirritaður hafði efasemdir um að málið hafi verið rætt nægjanlega á síðasta fundi, með tilliti til gríðarlegar hækkunar, stefnu og sjálfstæðis deildarinnar. Afslættir voru 0%, 50% og 100% en færðir til 0%, 15% og 25% sem er veruleg hækkun á skýringa í fundargerð. Nokkuð góðar umræður um málið og ljóst að menn höfðu ef til vill ekki vandað þessa breytingu nógu vel. Ákveðið með þremur atkvæðum gegn einu að breyta þessu ekki en taka málið upp strax á nýju ári.

Stefnt á flöskusöfnun 24. nóvember. Sigrún gerir bréf. Sigurbjörg kannar með hvaða hætti Björgunarfélag Árborgar hagar flokkun og talningu á sínum flöskum. Stefnt á skauta eða keilu í hvataferð fyrir þessa ferð.

12. janúar 2008 verði þarnæsta flöskusöfnun.

Sportbær býður 40% afslátt af sundfötum, sem valin hafa verið af okkur. Sigrún kemur þessum upplýsingum til foreldra.

Árni og Björgvin vinna hugmynd að "fréttabréfi".

Formaður spyr hví ekki hafi verið rituð fundargerð þann 6. september. Ritari vísar í tölvupóst sinn til stjórnar þetta sama kvöld þess efnis að ekki hafi verið stjórnarfundur því aðeins formaður og ritari hafi mætt og því ekki fundarhæft. Fyrr höfðu 3 verið á vinnufundi með Bryndísi en að því loknu þurfit einn stjórnarmaður að fara. Stjórnin sér ekkert athugasvert við þetta verklag; enda engar ákvarðanir teknar sem annars hefðu verið ómerkar.

Næsti fundur hefur ekki verið ákveðinn.

Fundi slitið klukkan 22:50.

Árni Laugdal